

Nóvember 2025



Umbætur og hagræðing í ríkisrekstri

Skýrsla vinnuhóps um hagsýni í ríkisrekstri

| Stjórnarráð Íslands



Útgefandi:

Stjórnarráð Íslands

Umbætur og hagræðing í ríkisrekstri – Skýrsla vinnuhóps um hagsýni í ríkisrekstri

Nóvember 2025

for@for.is / fjr@fjr.is

©2025 Stjórnarráð Íslands

ISBN 978-9935-482-56-3

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Verkefni vinnuhóps um hagsýni í ríkisrekstri.....	6
2. Fjárlagaferlið og hagræðingaraðgerðir	7
3. Áherslur og verkefni ráðuneyta sem komin eru í farveg.....	9
Forsætisráðuneyti	9
Atvinnuvegaráðuneyti.....	10
Dómsmálaráðuneyti	10
Félags- og húsnæðismálaráðuneyti.....	11
Fjármála- og efnahagsráðuneyti.....	11
Heilbrigðisráðuneyti	12
Innviðaráðuneyti.....	12
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti	13
Mennta- og barnamálaráðuneyti	14
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	14
Utanríkisráðuneyti	14
4. Mat á árangri.....	16
Afdrif tillagna hagræðingarhópsins	16
Árangur af starfi vinnuhópsins	17

Inngangur

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins kemur fram að það sé eitt af forgangsverkefnum hennar að hagræða í ríkisrekstri, einfalda stjórnsýslu og sameina stofnanir. Með þau markmið að leiðarljósi var efnt til [samráðs við almenning](#), öll ráðuneyti og forstöðumenn hjá ríkinu um tillögur undir yfirskriftinni *Verum hagsýn í ríkisrekstri* í upphafi þessa árs. Bárust tæplega 4.000 umsagnir um málið í Samráðsgátt stjórnvalda og rúmlega 90 svör frá forstöðumönnum ríkisstofnana auk tillagna frá ráðuneytum.

Í framhaldinu fól forsætisráðherra fjögurra manna utanaðkomandi hópi sérfræðinga (hagræðingarhópi) að skila tillögum um hagræðingu og umbætur í ríkisrekstri. Hagræðingarhópurinn skilaði [tillögum](#) sínum 4. mars sl. og byggðu þær m.a. á framangreindum tillögum almennings, ráðuneyta og forstöðumanna hjá ríkinu.

Samhliða skipun hagræðingarhópsins skipaði forsætisráðherra vinnuhóp um hagsýni í ríkisrekstri. Sá hópur samanstóð af starfsmönnum forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis. Hlutverk hans var að hafa yfirsýn yfir og framfylgja þeim hagræðingar- og umbótatillögum sem ákveðið yrði að ráðast í.

Í skipunarbréfi var hópnun falið að skila verkáætlun, sem gert var 20. júní sl., og skýrslu um störf sín og framgang verkefna eigi síðar en 1. desember.

Vinnuhópin skipuðu:

Daníel Svavarsson, forsætisráðuneyti, formaður hópsins
Andri Már Ólafsson, fjármála- og efnahagsráðuneyti
Bjarki Vigfússon, forsætisráðuneyti
Hilda Hrund Cortez, fjármála- og efnahagsráðuneyti
Íris Huld Christersdóttir, fjármála- og efnahagsráðuneyti

1. Verkefni vinnuhóps um hagsýni í ríkisrekstri

Vinnuhópur um hagsýni í ríkisrekstri studdi við hagræðingarhópinn og aðstoðaði eftir þörfum, s.s. við kostnaðarmat tillagna. Þá gerði vinnuhópurinn [samantekt um hagræðingartillögur almennings](#).

Vinnuhópurinn sendi ráðuneytum tillögur hagræðingarhópsins til skoðunar í mars sl. og fundaði með fulltrúum allra ráðuneyta í kjölfarið. Ráðuneyti tóku til skoðunar að hvaða marki tillögur til hagræðingar í ríkisrekstri, einföldunar stjórnsýslu og sameiningar stofnana, sjóða, nefnda og ráða sem hagræðingarhópurinn lagði til gátu sett mark sitt á vinnu við fjármálaáætlun 2026–2030.

Vinnuhópurinn vann eftir atvikum að framfylgd hagræðingartillagna í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti hverju sinni og átti á vormánuðum tvo fundi með ráðherranefnd um ríkisfjármál. Auk þess fór sérstök umræða um hagræðingu og umbætur í rekstri ríkisins fram á fundi ríkisstjórnar 30. maí sl. sem byggði á starfi hópsins með öllum ráðuneytum.

Vinnuhópurinn vann að gerð verkáætlunar í samráði við öll ráðuneyti og skilaði henni til ráðherranefndar um ríkisfjármál 20. júní sl. Grunnur að henni eru samræmd verkefnaborð sem ráðuneyti settu upp til að hafa yfirsýn yfir hagræðingar- og umbótaverkefni sín. Þessi verkefnaborð geta þau nýtt áfram. Verkáætlunin var lögð fram í ríkisstjórn 27. júní sl.

Í verkáætluninni var m.a. dregin saman áætlun, byggð á þeim upplýsingum sem lágu fyrir á verkefnaborðunum, um sameiningar ríkisstofnana, sameiningar og fækkun sjóða, nefnda, stjórna og ráða á vegum ríkisins, auk samantektar á fjölda annarra verkefna sem voru til skoðunar eða ákvörðunartöku í ráðuneytum.

Í tengslum við eftirfylgni við verkáætlunina var óskað eftir að ráðherrar legðu fram minnisblað í ríkisstjórn um stöðu umbóta- og hagræðingarverkefna sem ákveðið hafði verið að ráðast í á tímabili núgildandi fjármálaáætlunar. Voru minnisblöðin lögð fram á ríkisstjórn 29. ágúst sl.

Þann sama dag birti forsætisráðuneytið [tilkynningu](#) um að vinna við innleiðingu fjölda þeirra tillagna sem skilgreindar voru í verkáætlun vinnuhópsins væri hafin innan Stjórnarráðsins og gerði grein fyrir þeim verkefnum sem unnið væri að eða til skoðunar væru í forsætisráðuneytinu. Í kjölfarið birtu fjármála- og efnahagsráðuneytið, félags- og húsnæðismálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, innviðaráðuneytið og menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið sambærilegar tilkynningar um sín verkefni.

2. Fjárlagaferlið og hagræðingaraðgerðir

Fjárlagaferlið byggir á lögum um opinber fjármál nr. 123/2015. Markmið þess er að tryggja ábyrga nýtingu opinberra fjármuna, gagnsæi og stöðugleika í ríkisfjármálum. Ferlið er stigskipt og samræmir langtímaáætlanir við árlegar fjárveitingar. Í upphafi mótar ríkisstjórnin [fjármálastefnu](#) til fimm ára sem felur í sér heildarmarkmið um afkomu, skuldaþróun og sjálfbærni opinberra fjármála. Á grundvelli hennar er lögð fram [fjármálaáætlun](#) sem útfærir stefnu stjórnvalda og setur útgjaldaramma fyrir málefnasvið. Fjárlög eru samþykkt árlega og skilgreina fjárheimildir fyrir komandi ár, byggðar á ramma fjármálaáætlunar.

Hagræðingaraðgerðir ríkisstjórnarinnar eru samþættar þessu ferli með markvissum aðhaldsráðstöfunum og forgangsörðun innan útgjaldaramma. Við setningu fjármálaáætlunar er gert ráð fyrir aðhaldi til að skapa svigrúm fyrir nýjar áherslur og til að halda aftur af útgjaldavexti í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um hagsýni í ríkisrekstri. Með því að samþætta hagræðingu við fjárlagaferlið skapast skýr rammi fyrir aðgerðir sem miða að því að bæta nýtingu fjármuna og veita opinbera þjónustu með sem hagkvæmustum hætti, án þess að draga úr gæðum. Slík nálgun gerir stjórnvöldum kleift að innleiða umbætur á kerfisbundinn hátt.

Tillögur sem komu fram í kjölfar samráðs og vinnu hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar mynduðu mikilvægan grunn fyrir forgangsörðun í fjármálaáætlun og fjárlögum, þar sem markmiðið er að ná fram aukinni skilvirkni og að draga úr rekstrarkostnaði án þess að skerða opinbera þjónustu. Með þessu fyrirkomulagi styrkir ríkisstjórnin stefnumótandi hlutverk sitt og stuðlar að því að opinberir fjármunir nýtist á sjálfbæran og hagkvæman hátt.

Hvert fagráðuneyti ber ábyrgð á að innleiða hagræðingaraðgerðir innan þeirra málefnasviða sem það fer með. Þetta felur í sér að ráðuneyti þarf að greina tækifæri til einföldunar, sameiningar og endurskipulagningar verkefna í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og innan þess útgjaldaramma sem fjármálaáætlun og fjárlög kveða á um. Við undirbúning fjárlaga útfærðu ráðuneyti nánar fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir innan sinna fjárheimilda.


Ráðuneytin bera jafnframt ábyrgð á að fylgja eftir framkvæmd hagræðingaraðgerða gagnvart stofnunum og skila upplýsingum um framvindu í ársskýrslum. Þessar upplýsingar nýtast við endurskoðun fjármálaáætlunar og mótun næstu fjárlaga, þannig að hagræðing verði hluti af kerfisbundnu ferli, ekki tímabundin aðgerð.

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að aðgerðir tengdar tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar til að draga úr útgjaldavexti ríkissjóðs nemi alls 11 ma.kr. Aðgerðirnar byggja á útfærslu fjármálaáætlunar 2026–2030 en alls hefur í

fjármálaáætlun verið gert ráð fyrir um 107 ma.kr. uppsafnaðri hagræðingu á tímabilinu. Markmiðið er að draga úr ríkisumsvifum, treysta stöðu ríkissjóðs og vinna gegn þenslu og verðbólgu.

**Hagræðingaraðgerðir, uppsafnaðar á tímabili
fjármálaáætlunar 2026-2030**

Milljarðar króna



3. Áherslur og verkefni ráðuneyta sem komin eru í farveg

Hér fyrir neðan eru áherslur og helstu umbóta- og hagræðingarverkefni hvers ráðuneytis reifuð til að draga fram árangur fram til þessa. **Umfjöllunin afmarkast við verkefni þar sem vinna er hafin eða áform kynnt** en mörg umbóta- og hagræðingarverkefni til viðbótar eru enn til athugunar og frekari greiningar í viðkomandi ráðuneytum.

Árangurinn af þessu umfangsmikla verkefni, sem hófst með víðtæku samráði, verður ljós á löngum tíma enda mörg verkefni þess eðlis að krefjast mikils undirbúnings áður en ákvörðun er tekin. Þá er misjafnt hvort aðgerðir skili sér í rekstrarhagræði, aukinni skilvirkni og sparnaði án tafar eða yfir lengri tíma.

Forsætisráðuneyti

Unnið er að því að koma á fót nefndahúsi sem mun hýsa kæru- og úrskurðarnefndir. Með sameiginlegri aðstöðu og skipulagi er samtímis náð markmiðum um bættu þjónustu, aukna skilvirkni, rekstrarhagræði og betra starfsumhverfi fyrir nefndirnar. Slíkar nefndir eru nú um 35 talsins og starfsmenn u.þ.b. 60–70.

Þá vinnur ráðuneytið að undirbúningi frekari samhæfingu, samvinnu og samreksturs innan Stjórnarráðsins ásamt fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Markmiðið er að draga úr tvíverknaði og nýta fjármagn betur við rekstur ráðuneyta. Verkáætlun þess verkefnis verður tilbúin í lok árs 2025 og innleiðing hefst 2026. Verkefnið er byggt á tillögu hagræðingarhópsins.

Þá er vinna hafin við að gera ríkisstjórnarfundi pappírslausa og ríkisráðsafgreiðslur rafrænar. Hvoru tveggja kemur til með að hafa nokkurt hagræði í för með sér. Einnig mun forsætisráðherra leggja fram frumvarp sem felur í sér verulega lækkun handhafalaun forseta, en hagræðingarhópurinn hafði mælt með að leggja þau af. Ekki er talið eðlilegt að afnema handhafalaunin þar sem hægt er að halda því fram að stjórnarskráin gerir ráð fyrir að einhverjar greiðslur eigi sér stað til handhafa forsetavalds. Að auki stendur til, í samræmi við tillögu hagræðingarhópsins, að leggja til breytingar á upplýsingalögum þannig að umsækjendum um opinber störf verði gert kleift að óska nafnleyndar.

Loks hefur verið gerð breyting á starfsemi ríkisins á Hrafnseyri og reksturinn samofinn rekstri Þingvallapjóðgarðs. Fjárframlög til starfseminnar á Hrafnseyri voru felld niður í frumvarpi til fjárlaga 2026.

Atvinnuvegaráðuneyti

Atvinnuvegaráðuneytið hefur skilgreint 18 verkefni til hagræðingar og aukinnar skilvirkni á fjármálaáætlunartímabilinu 2026–2030 og eru þau öll í vinnslu. Megináherslur ráðuneytisins liggja í endurskoðun og einföldun laga og regluverks, sérstaklega á sviði landbúnaðar og dýrahalds til að létta reglubyrði af bændum og atvinnulífínu. Meðal annars er unnið að því að fækka verkefnum og einfalda stjórnsýslu. Eitt þeirra verkefna snýr að einföldun á rekstri og umsýslu sjóða á málefna sviðum ráðuneytisins.

Á sviði hafrannsóknar er unnið að mati á stöðu og framtíð Hafrannsóknarstofnunar og hafrannsókna á Íslandi með það að markmiði að efla stofnunina til frambúðar, m.t.t. lagaumgjarðar, rekstrar og verkefna.

Þá hafa verið tilkynnt áform um framlagningu frumvarps á vorþingi þar sem lagt er til að sameina Matvælastofnun, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs. Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir tilfærslu á verkefnum heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga hvað varðar eftirlit með matvælum til stofnunarinnar.

Aukin verðmætasköpun, öryggi og álagsstýring í ferðaþjónustugeiranum eru til skoðunar. Þá eru hlutverk og skyldur stjórna, nefnda og ráða á vegum ráðuneytisins einnig til skoðunar. Nokkur stór verkefni snúa jafnframt að því að rýna stofnanir ráðuneytisins og kanna fýsileika sameininga, rýna þjónustu- og notendagjöld og gjaldskrár stofnana auk verkefna sem snúa að samkeppnis- og neytendamálum.

Dómsmálaráðuneyti

Dómsmálaráðuneytið vinnur að fjölda verkefna sem miða að því að auka skilvirkni og rekstrarhagræði. Nái frumvarp dómsmálaráðherra um fækkun sýslumannsembættanna fram að ganga fækkar stofnunum ríkisins um átta. Markmið með sameiningu embættanna er einföldun, hagræðing og bætt þjónusta við almenning, en einnig að efla byggðir landsins með því að tryggja jafnt aðgengi að þjónustu um land allt.

Stefnt er að því að leggja af skyldu um jafnlaunavottun til að létta kostnaði af atvinnulífínu, en án þess að draga úr kröfum um launajafnrétti. Er þetta til samræmis við tillögur hagræðingarhópsins.

Á sviði útlendingamála er stefnt að því að auka skilvirkni með lagabreytingum sem varða meðal annars afturköllun verndar að vissum skilyrðum uppfylltum og afnám „18 mánaða reglunnar“. Samhliða er stefnt að því að hækka gjaldskrá fyrir dvalarleyfi og leggja fram frumvarp um brottfararstöð sem ætlað er að draga úr kostnaði við útlendinga- og fangelsismál.

Þá eru hafin verkefni sem miða að því að samræma verklag við innkaup ríkisins, m.a. á sviði lögreglu. Markmiðið er að nýta betur sameiginlegan innkaupakraft ríkisins.

Stefnt er að því að leggja fram frumvarp í janúar 2026 um einfaldari málsmeðferð vegna bóta á grundvelli sakamála. Breytingin felur í sér skýrari viðmið, fyrirsjáanlegri niðurstöður og hraðari afgreiðslu krafna. Með þessu er dregið úr kostnaði ríkisins, þörf fyrir málarekstur verður minni og samhliða því álag á dómstólum. Hafði ráðuneytið lagt þetta til við hagræðingarhópinn sem gerði tillöguna að sinni. Þá hefur ráðuneytið hætt prentun þingskjala til að draga úr rekstrarkostnaði.

Félags- og húsnæðismálaráðuneyti

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið vinnur að umfangsmiklum verkefnum í 11 liðum sem ætlað er að leiða til rúmlega 13 ma.kr. hagræðingar á tímabili fjármálaáætlunar 2026–2030. Aðgerðirnar snúa ekki aðeins að rekstri og stofnanaumgjörð heldur einnig boðuðum kerfisbreytingum um skilyrði til greiðslu atvinnuleysistrygginga og lengd bótatímabils samhliða bættum stuðningi til atvinnuleitenda, styttri málsmeðferðartíma vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd, nýju örorku- og endurhæfingarkerfi og skýrari reglum um endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna innflytjenda.

Þá vinnur ráðuneytið að sameiningu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Skipulagsstofnunar. Auk þessa verða laun fyrir stjórnarsetu á vegum stofnana ráðuneytisins felld niður og stjórn Tryggingastofnunar lögð niður.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur skilgreint 19 verkefni sem miða að því að skila virði fyrir samfélagið með aukinni hagræðingu og bættri þjónustu hins opinbera. Verða þessi verkefni leidd til lykta á tímabili fjármálaáætlunar 2026–2030.

Meðal umfangsmikilla verkefna er einföldun á umhverfi opinberra samkeppnissjóða þvert á ráðuneyti, rekjanleiki verður aukinn og umsóknarferli einfaldað. Umsýslukostnaður sjóðanna er nokkur og vonir standa til að draga úr honum samhliða bættri þjónustu við notendur.

Í verkefnum ráðuneytisins er lögð áhersla á að bæta innri ferla ríkisins með fjölmörgum aðgerðum. Þetta felur í sér að bæta nýtingu á húsnæði og gögnum hjá ríkinu, auka skilvirkni í fjárstýringu og að efla árangursmælingar í rekstri. Ráðuneytið vinnur einnig að umbótum í starfsmannamálum ríkisins, þar á meðal með endurskoðun á starfsmannalögum og samræmdri greiðslu fyrir nefndarstörf.

Unnið er að innleiðingu þjónustu á Ísland.is og þróun á tæknisamstæðu grunnskráa til að tryggja betri nýtingu opinberra gagna. Einnig skoðar ráðuneytið endurmat á útgjöldum og hefur hvatt til endurskoðunar á gjöldum og notendagjöldum til að tryggja skilvirkari rekstur og fjármögnun opinberrar þjónustu.

Að lokum er nú unnið að stefnu um opinbera þjónustu sem byggir að miklu leyti á því samráði sem átti sér stað um hagsýni í ríkisrekstri. Með stefnunni er tryggt að áfram verði unnið að því að bæta opinbera þjónustu með hagsýni að leiðarljósi.

Heilbrigðisráðuneyti

Heilbrigðisráðuneytið hefur skilgreint 38 verkefni til hagræðingar og einföldunar í heilbrigðiskerfinu. Þegar er búið að fækka stjórnun og nefndum og auka vægi samheitalyfja til að draga úr kostnaði.

Meðal verkefna sem eru langt komin eru sameiningar stofnana, hagræðing í rannsóknarþjónustu, hagræðing í innkaupum, aukin stafvæðing og skipun fagráðs um forgangsöröðun í heilbrigðiskerfinu. Skipun fagráðsins var á meðal tillagna hagræðingarhópsins.

Á síðasta þingi samþykkti Alþingi frumvarp heilbrigðisráðherra um fækkun hæfnisnefnda. Þá tók heilbrigðisráðherra ákvörðun um að lækka laun stjórnarmanna í stjórn Landspítala auk þess sem unnið er að frekari fækkun nefnda á vegum ráðuneytisins. Þá stendur til að leggja fram frumvarp sem felur í sér að stjórn Sjúkratrygginga verði lögð niður í samræmi við tillögu hagræðingarhópsins um að leggja niður allar stjórnir almennra stofnana sem heyra beint undir ráðherra.

Flutningur verkefna Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er á lokametrinum en stefnt er að því að verkefninu ljúki í upphafi árs 2026 og að stofnunin verði þá lögð niður.

Mikill sparnaður er áætlaður með sameiginlegum innkaupum í heilbrigðiskerfinu, sérstaklega á lyfjum, þar sem norrænt samstarf hefur þegar skilað umtalsverðum árangri. Áætlað er að auka greiðsluþátttöku sjúkratryggðra og ná fram hagræðingu með kortlagningu og bættri nýtingu rannsóknarþjónustu. Nýtt fagrád um forgangsöröðun mun einnig koma með tillögur um hvernig ná megir frekari sparnaði.

Þá er unnið að því að efla stafræna þróun með stofnun nýrrar einingar til að auðvelda samrekstur og bæta þjónustu.

Innviðaráðuneyti

Innviðaráðuneytið hefur skilgreint 14 verkefni sem miða að því að hagræða, auka skilvirkni og bæta þjónustu á sínum málefnasviðum. Vinna er hafin við yfir helming verkefnanna.

Áhersla er lögð á einföldun stjórnsýslu og stafræna þróun. Ráðuneytið vinnur að því að sameina verkferla og auka stafvæðingu þvert á stofnanir. Einnig verða færð frá ráðuneytinu verkefni sem ekki er nauðsynlegt að það sinni og eiga betur heima í undirstofnunum.

Unnið er að því að skilgreina hlutverk og auka samrekstur á mörkum stofnana, meðal annars með því að skoða samstarf löggæslu og Vegagerðarinnar annars vegar, og almannavarna og Vegagerðarinnar hins vegar.

Til að auka öryggi og tekjur verður ráðist í að efla hraðamyndavélakerfi í umferð. Einnig verður unnið að endurskoðun þjónustu- og notendagjalda og kannað hvort hægt sé að ná fram sparnaði og aðhaldi með endurskoðun á reglum um flutningsjöfnun og olíuvaragjöldum.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið vinnur að 21 verkefni sem ráðgert er að ljúki á tímabili núgildandi fjármálaáætlunar í tengslum við umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri.

Meðal þessara verkefna er frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem ætlað er að bæta framkvæmd og skerpa á skilyrðum og umgjörð stuðningsins. Þá verður heimild Nýsköpunarsjóðsins Kríu til nýfjárfestinga lækkuð til að bregðast við breyttum aðstæðum. Þá stendur til að fækka samkeppnisjóðum á sviði vísinda og nýsköpunar úr átta í fjóra.

Unnið er að sameiningum fjölmargra stofnana á vegum ráðuneytisins. Áform hafa verið kynnt um sameiningu Kvikmyndasafns Íslands, Hljóðbókasafns Íslands og Landsbókasafns – Háskólabókasafns. Uppi eru áform um að kanna frekari samþættingu Óperunnar, Þjóðleikhússins og Íslenska dansflokksins. Þá vinnur ráðuneytið að sameiningu Listasafns Einars Jónssonar og Listasafns Íslands og samtal er hafið við umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið um möguleika á sameiningu Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar. Talsverð skörun er á starfsemi þessara stofnana og því mikil tækifæri til rekstrarlegrar og faglegrar samlegðar, ekki síst með aukinni samþættingu rannsókna á náttúru Íslands, vöktunar og miðlunar upplýsinga til samfélagsins. Þá hefur ráðuneytið til skoðunar sameiningu/samrekstur fjölmiðlanefndar með öðrum stofnunum.

Mikilvægur áfangi náðist þegar rektor Háskólans á Hólum og rektor Háskóla Íslands undirrituðu samkomulag um stofnun háskólasamstæðu í lok apríl sl. Miðað er við að samstæðan taki til starfa í áföngum frá 1. júlí 2027 í frumvarpi sem lagt verður fyrir Alþingi á haustþingi. Þá er stefnt að fýsileikagreiningu þess að Landbúnaðarháskóli Íslands og tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum starfi undir merkjum Háskólasamstæðu HÍ. Einnig verður kannaður möguleiki á að Árnastofnun og Landsbókasafn – Háskólabókasafn falli undir Háskólasamstæðu HÍ.

Endurgreiðslukerfi vegna kvikmyndaframleiðslu eru jafnframt í endurskoðun, þar sem leitast verður við að sporna við takmörkuðum fyrirsjáanleika í útgjöldum. Þá hefur verið sett af stað vinnavið að einfalda verulega sjóðakerfi menningar og lista. Ofangreind einföldun sjóðakerfis á sviði menningar, lista, vísinda og nýsköpunar, auk sameiningar ýmissa stofnana, mun jafnframt hafa í

för með sér talsverða fækkun stjórnarmanna, nefnda og ráða á vegum ráðuneytisins.

Mennta- og barnamálaráðuneyti

Mennta- og barnamálaráðuneytið vinnur að aðhaldaðgerðum sem ætlað er að ná fram sparnaði og betri nýtingu fjármuna. Ráðuneytið hefur þegar unnið að útfærslu á aðhaldi sem snýr að opinberum innkaupum og gjöldum vegna jafnlaunavottunar.

Í september sl. voru kynnt áform og samráðsferli hafið um skipulagsbreytingar á framhaldsskólastigi. Áformin miða að því að efla stuðning við framhaldsskóla, starf þeirra og þjónustu við nemendur. Nýtt stjórnsýslustig verður sett á laggirnar þar sem stjórnsýsla og þjónusta færast frá ráðuneytinu og skólum yfir til 4–6 svæðisskrifstofa samkvæmt fyrirliggjandi áformum. Með slíkri breytingu verða stofnaðar stærri og sveigjanlegri stjórnsýslueiningar sem eru betur í stakk búnar til að takast á við breytt umhverfi og veita framhaldsskólunum öflugri stuðning, bæði faglega og félagslega.

Jafnframt hefur ráðuneytið farið yfir fjárveitingar til málefna barna og samninga við stofnanir og sveitarfélög til að tryggja að fjármunir nýtist sem best.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið vinnur nú að umtalsverðri endurskipulagningu á stofnanaheild sinni til að ná fram sparnaði og skilvirkni. Frá árinu 2022 hefur stofnunum ráðuneytisins fækkað úr 13 í níu með umfangsmiklum sameiningum. Þótt nýjar stofnanir séu komnar á laggirnar er ferlinu ekki að fullu lokið og ráðuneytið mun fylgja því eftir að sú hagræðing sem stefnt er að náist fram.

Auk þessa vinnur ráðuneytið að fjölbreyttum verkefnum í tengslum við hagræðingu í ríkisrekstri. Þar má nefna betri nýtingu fasteigna og tækifæri til að selja land og lóðir sem ekki nýtast að fullu. Einnig er unnið að því að færa umsjón húsnæðis til FSRE.

Áhersla er jafnframt lögð á einföldun og styttingu afgreiðslutíma í leyfisveitingum og stjórnsýslu, sérstaklega í umhverfis- og orkumálum. Slík einföldun á að gera ferla gegnsærri og auðveldari fyrir almenning og fyrirtæki.

Utanríkisráðuneyti

Utanríkisráðuneytið hefur sett fram áætlun með 22 aðgerðum sem miða að hagræðingu og aukinni tekjuöflun á tímabili núgildandi fjármálaáætlunar. Megináherslan er lögð á að draga úr rekstrarkostnaði og bæta nýtingu opinberra fjármuna. Þetta er gert með ýmsum hætti, þar á meðal með því að draga úr föstum kostnaði sem tengist starfsmannahaldi og rekstri.

Ráðuneytið mun endurskoða hlutverk sitt í alþjóðlegu samstarfi til að fækka kostnaðarsömum verkefnum og viðveru á vettvangi þar sem virkni er lítil.

Jafnframt verður miðstýring verkefna aukin, þar sem umsýsla ákveðinna þjónustuliða flyst að fullu til ráðuneytisins. Þá eru uppi áform um opnun áritunarmiðstöðva sem hafa með höndum afgreiðslu vegabréfsáritana en þær munu afla tekna fyrir ráðuneytið og ríkissjóð.

4. Mat á árangri

Í upphafi þessa verkefnis var met sett í fjölda innsendra umsagna í Samráðsgátt stjórnvalda en um 0,7% íbúa landsins sendu umsagnir með hagræðingartillögum. Áætlað er að heildarfjöldi tillagna hafi verið meiri en 10.000 en er þá ekki tekið tillit til þess að margar þeirra voru svipaðar eða eins. Þessi mikla þátttaka endurspeglar þá áherslu almennings að vel sé farið með opinbert fé í hvívetna og að það sé nýtt með skilvirkum hætti til að standa undir opinberri þjónustu og fjárfestingu.

Umbætur og hagræðing í rekstri ríkisins er viðvarandi viðfangsefni. Það átakverkefni sem skýrsla þessi slær botn í hefur hins vegar í meginatriðum reynst vel að mati vinnuhópsins til að hrinda í framkvæmd fjölmörgum umbótaverkefnum, stórum sem smáum, og samræma ýmsar aðgerðir og ráðstafanir þvert á ráðuneyti og stjórnkerfið. Ávinningur þess mun skila sér á næstu misserum.

Verkefni vinnuhópsins, eftir að hagræðingarhópurinn hafði skilað tillögum sínum í mars sl., var að tryggja að unnið yrði áfram með þær fjölmörgu tillögur sem þá lágu fyrir, í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Var það gert með samtölum við öll ráðuneyti og uppsetningu samræmdra verkefnaborða sem mörg ráðuneyti nýttu vel til að kortleggja verkefni og skipuleggja framkvæmd þeirra.

Þetta verklag hefur ekki áður verið notað innan Stjórnarráðsins en það gaf ráðherranefnd um ríkisfjármál og ríkisstjórn m.a. tækifæri til að ræða heildstætt um tillögur og áform. Þar með gafst jafnframt tækifæri til að meta áhrif þeirra með heildstæðum hætti. Áfram verður hægt að vinnu skipulega að umbótum í rekstri ríkisins með þessu verklagi enda eru verkefnaborð ráðuneytanna enn virk.

Afdrif tillagna hagræðingarhópsins

Gera má ráð fyrir að á tímabili núgildandi fjármálaáætlunar verði unnið að fjölmörgum verkefnum sem líkjast eða eru samhljóma tillögum hagræðingarhópsins. Má í því samhengi nefna nokkrar sameiningar stofnana sem þegar hafa verið kynnt áform um, niðurlagningu fjölda stjórna almennra stofnana og lækkun eða afnám ýmissa þóknana. Einnig sameiginlega stjórnsýslu framhaldsskóla, breytingar á jafnlaunavottun, upptöku stöðugleikareglu og ýmislegt fleira.

Ekki er óvarlegt að ætla að um helmingur tillagna hagræðingarhópsins verði að veruleika í einhverri mynd á tímabili núgildandi fjármálaáætlunar gangi áform ráðuneyta eftir. Alþingi hefur lokaorðið um það hvort hluta þessara tillagna verði hrint í framkvæmd og um endanlega útfærslu þeirra.

Árangur af starfi vinnuhópsins

Í samræmi við skipunarbréf vinnuhópsins var í starfi hans sérstaklega lagt að ráðuneytum að taka til skoðunar sameiningar ríkisstofnana og sameiningar og fækkun sjóða, nefnda, stjórna og ráða á vegum ríkisins. Útlit er fyrir að mjög góður árangur verði af þessu.

Aukin framleiðni í opinberri þjónustu er besta leiðin til að hagræða í rekstri ríkisins án þess að skerða þjónustu og líf skjör. Sameiningar stofnana ríkisins eru ekki markmið í sjálfu sér heldur er markmiðið ávallt að bæta þjónustu hins opinbera og ná betri árangri í rekstri. Mörg tækifæri eru enn til staðar til að einfalda og bæta stofnanakerfi ríkisins, en stærri og öflugri rekstrareiningar eru augljós leið til aukinnar framleiðni í opinberum rekstri. Með stærri rekstrareiningum má almennt lækka stjórnunarkostnað, reka hagkvæmari stoðþjónustu, auka verkaskiptingu og sérhæfingu innan stofnunar og bæta gæði þjónustunnar.

Stofnanir ríkisins sem heyra undir framkvæmdavaldið voru 152 í upphafi þessa árs.¹ Þar af voru tæplega 70 þeirra með færri en 50 stöðugildi. Þegar hafa verið kynnt áform um margar sameiningar stofnana á vegum menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytis. Þá hefur frumvarp verið lagt fram um sameiningu sýslumannsembætta í eitt og áform kynnt um kerfisbreytingu í framhaldsskólakerfinu, auk nokkurra annarra sameininga sem eru í undirbúningi eða langt komnar á vegum heilbrigðisráðuneytis, félags- og húsnæðismálaráðuneytis og atvinnuvegaráðuneytis.

Gangi þau áform eftir sem eru í undirbúningi eða langt komin fækkar stofnunum ríkisins um u.þ.b. 20 á næstu árum og er þá ótalin kerfisbreyting framhaldsskólanna sem fækkar stofnunum um annað eins til viðbótar, gangi þau áform eftir.

Fjöldi stofnana sem tilheyir hverju ráðuneyti

ATRN	DMR	FOR	FRN	FJR	HRN	IRN	MNH	MRN	URN	UTN
7	39	6	10	5	15	5	26	30	9	0

Horfa þarf til þess að ráðuneyti hafa mismikil tækifæri til að vinna að sameiningum stofnana, þar sem sum ráðuneyti hafa þegar lokið við að sameina þær stofnanir sem þeim tilheyra og fýsilegt hefur verið talið að sameina. Þá hafa sum ráðuneyti engar eða mjög fáar undirstofnanir. Mestu tækifærin liggja hjá þremur ráðuneytum sem öll hafa uppi áform um kerfisbreytingar stofnanakerfisins eða sameiningar á kjörtímabilinu. Stefnt er að því að þær

¹ Stærri stjórnsýslunefndir (þ.e. með 2+ starfsfólk) eru taldar til ríkisstofnana í þessari talningu en ekki opinber hlutafélög eða ráðuneytisstofnanir.

kerfisbreytingar muni, hver með sínum hætti, skila betri og skilvirkari starfsemi og þjónustu á viðkomandi sviði.

Gera má ráð fyrir að mjög góður árangur náist við að leggja niður stjórnir almennra stofnana sem heyra beint undir ráðherra á kjörtímabilinu. Bent hefur verið á að slíkar stjórnir hafi oft óljósa stöðu, hlutverk þeirra kunni að vera óskýrt og ábyrgðarskil stjórnar og forstöðumanns viðkomandi stofnunar óljós. Í verkáætlun sinni beindi vinnuhópurinn því einnig til ráðuneyta að heppilegra geti verið að fá ráðgefandi ráð, með takmarkað umboð og skyldur, í stað stjórna almennra stofnana, standi vilji til að fá utanaðkomandi álitsgjöf og aðhald, t.d. er varðar listræna stjórnun og þróun á menningarstarfsemi, svo dæmi séu tekin. Með hliðsjón af því ætti fátt að standa í vegi fyrir því að innan nokkurra ára heyri það til undantekninga að ríkisstofnanir sem ekki eru sjálfstæðar hafi sérstaka stjórn.

Þá er unnið mjög skipulega að því að einfalda og samræma umhverfi og rekstur allra samkeppnissjóða í rekstri ríkisins en þeir eru um 90 talsins og umsýslukostnaður nokkur. Mun því verkefni verða lokið innan fárra missera.

Þá er ótvíræður ávinningur verkefnisins að öll ráðuneyti hafa farið kerfisbundið yfir ýmis ráð, nefndir og sjóði á þeirra vegum og gert atlögu að því að fækka þeim og einfalda starfsemi þar sem við á. Var fjöldi slíkra verkefna kynntur í verkáætlun hópsins og hluti þeirra þegar kominn til framkvæmda, líkt og fjallað er um í kafla 3.

Auk þess að huga að kostnaðaraðhaldi og sparnaði lagði vinnuhópurinn að ráðuneytum að fara kerfisbundið yfir ýmsar tekjuráðstafanir, sérstaklega var lagt að ráðuneytum að taka til skoðunar gjaldskrár stofnana sem ekki höfðu fylgt verðlagsþróun og endurspegluðu ekki raunkostnað veittrar þjónustu svo sem eðlilegt er. Til þess að fylgja þessu eftir lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram minnisblað í ríkisstjórn þar sem brýnt var fyrir ráðuneytum að gjaldskrár ættu að endurspegla raunkostnað þjónustu. Hefur þetta átak þegar skilað nokkrum árangri og væntir vinnuhópurinn þess að á næstu misserum verði hann enn sýnilegri.

Það er mat vinnuhópsins að vel hafi tekist til við að halda utan um tillögur úr samráðinu, hafa yfirsýn yfir verkefni ráðuneyta og koma þeim til framkvæmda. Það er jafnframt mat vinnuhópsins að viðbrögð ráðuneyta fram til þessa hafi heilt yfir verið í samræmi við tækifæri þeirra og stöðu til að þróa framkomnar tillögur í verkefni og hrinda þeim í framkvæmd.

